

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2024/EES/29/01	Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA Nr. 185/23/COL frá 13. desember 2023 um tiltekna ríkisaðstoð sem úthlutað er samkvæmt Catapult-kerfinu	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2024/EES/29/02	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11462 – CBK/EVOG/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2024/EES/29/03	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11473 – VAN MOSSEL AUTOMOTIVE/MERCEDES-BENZ CPH) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2024/EES/29/04	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11484 – BLACKSTONE/INVENERGY IRH/CDPQ/INVENERGY RENEWABLES) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	16
2024/EES/29/05	Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja (mál M.11509 – MSI/BAM/PORTLAND NATURAL GAS TRANSMISSION SYSTEM) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	17
2024/EES/29/06	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11084 – SMRP/SAS AUTOSYSTEMTECHNIK)	18
2024/EES/29/07	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11360 – DCC/PROGAS)	18
2024/EES/29/08	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11397 – OJI/WALKI)	19

2024/EES/29/09	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja (mál M.11439 – DWS/GALAXY/FLOW TRADERS/JV)	19
2024/EES/29/10	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. janúar 2024 um málarekstur skv. 102. gr. sáttmálans um starfsemi Evrópusambandsins (mál AT.40735 – Dreifing lestarmiða á netinu á Spáni) (tilkynnt með skjalnúmeri C(2024) 135 lokaútgáfa)	20
2024/EES/29/11	Ríkisaðstoð – Frakkland – Málsnúmer SA.101557 (2024/C) (áður 2023/NN) – Frakkland – Þjónusta á sviði sjóflutninga við Korsíku (2023 -2030) – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins	21
2024/EES/29/12	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Breytingar á almannaþjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug	22
2024/EES/29/13	Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaþjónustukvaðir	23
2024/EES/29/14	Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við	24

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2024/EES/29/01

Nr. 185/23/COL frá 13. desember 2023

um tiltekna ríkisaðstoð sem úthlutað er samkvæmt Catapult-kerfinu

(Noregur)

Eftirlitsstofnun EFTA („ESA“),

með vísan til:

samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 61. og 62. gr.,

bókunar 26 við EES-samninginn,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókun 3“), einkum 5. mgr. 7. gr. og 14. gr. II. hluta, og

eftir að hafa óskað eftir athugasemdum frá hagsmunaaðilum ⁽¹⁾, og að teknu tilliti til athugasemda þeirra,

að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmæðferð

- (1) Stjórnvöld í Noregi lögðu, með bréfi dagsettu 7. nóvember 2017, fram yfirlitsupplýsingar til ESA um Catapult-kerfið („kerfið“⁽²⁾). Samkvæmt stjórnvöldum í Noregi samrýmdist kerfið almennu hópundanþágureglugerðinni („GBER“)⁽³⁾ og yfirlitsupplýsingarnar voru lagðar fram samkvæmt 1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar. Stjórnvöld í Noregi lögðu fram yfirlitsupplýsingar um framlengingu kerfisins með bréfi dagsettu 4. desember 2020 ⁽⁴⁾.

⁽¹⁾ Ákvörðun nr. 173/22/COL frá 7. september 2022 um að hefja formlega rannsókn á tiltekinni ríkisaðstoð sem úthlutað hefur verið samkvæmt norska Catapult-kerfinu (Stjtið. ESB C 428, 10.11.2022, bls. 7 og EES-viðbætur nr. 73, 10.11.2022, bls. 2).

⁽²⁾ Tilvísun upplýsingablaðs yfirlitsupplýsinga GBER 38/2017/R&D&I.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014 frá 17. júní 2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtið. ESB L 187, 26.6.2014, bls. 1), sem vísað er til í lið 1j í XV. viðauka við EES-samninginn, sjá ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2014, birt í Stjtið. ESB L 342, 27.11.2014, bls. 63 og EES-viðbæti nr. 71, 27.11.2014, bls. 61, breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1084 frá 14. júní 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 að því er varðar aðstoð vegna grunnvirkja hafna og flugvalla, tilkynningarmörk fyrir aðstoð vegna menningar og varðveislu menningararfleifðar og aðstoð vegna íþróttagrunnvirkja og fjölnota tómstundagrunnvirkja og svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi á ystu svæðum og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 702/2014 að því er varðar útreikning á aðstoðarhæfum kostnaði (Stjtið. ESB L 156, 20.6.2017, bls. 1), sjá ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 185/2017, birt í Stjtið. ESB L 174, 27.6.2019, bls. 56, og EES-viðbæti nr. 52, 27.6.2019, bls. 67 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/972 frá 2. júlí 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1407/2013 að því er varðar framlengingu á gildistíma hennar og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 að því er varðar framlengingu á gildistíma hennar og viðeigandi aðlaganir (Stjtið. ESB L 215, 7.7. 2020, bls. 3), sjá ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2020, sem biður birtingar, og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1237 frá 23. júlí 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast innri markaðnum til beitingar á 107. og 108. gr. sáttmálans (Stjtið. ESB L 270, 29.7.2021, bls. 39), sjá ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2022, sem biður birtingar.

⁽⁴⁾ Tilvísun upplýsingablaðs yfirlitsupplýsinga GBER 58/2020/R&D&I.

- (2) Í samræmi við II. kafla GBER, hefur Eftirlitsstofnunin eftirlit með aðstoðarráðstöfunum sem EES-EFTA-ríkin ⁽⁵⁾ telja að samræmist ákvæðum GBER. Á meðan á 2018 eftirlitstímabilinu stóð, mat Eftirlitsstofnunin aðstoðarfjárhæðir sem veittar voru samkvæmt kerfinu ⁽⁶⁾. Sem hluta af eftirlitinu, beindi Eftirlitsstofnunin þeim tilmælum ⁽⁷⁾ til norskra stjórnvalda að endurheimta eftirfarandi aðstoðarfjárhæðir frá eftirfarandi aðstoðarþegum („Endurgreiðslutilmælin“):
- *Future Materials*: 58,8 milljónir NOK.
 - *Manufacturing Technology*: 42,9 milljónir NOK.
 - *Sustainable Energy*: 57,4 milljónir NOK.
 - *Ocean Innovation*: 18,5 milljónir NOK.
 - *Digicat*: 21,9 milljónir NOK.
- (3) Eftir að norsk stjórnvöld upplýstu Eftirlitsstofnunina um ákvörðun sína um að fylgja ekki eftir endurgreiðslutilmælunum lokaði eftirlitsteymi Eftirlitsstofnunarinnar eftirlitinu með tilmælum til Eftirlitsstofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn ⁽⁸⁾.
- (4) Eftirlitsstofnunin hóf formlega rannsókn á málinu með ákvörðun nr. 173/22/COL („ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn“) ⁽⁹⁾. Málsmeðferðinni fram að því að ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn var samþykkt er lýst í 2. hluta ákvörðunarinnar.
- (5) Ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn er beint að tiltekinni aðstoð sem úthlutað er í samræmi við kerfið sem fjárfestingaraðstoð fyrir efnislegar eignir samkvæmt 27. gr. GBER ⁽¹⁰⁾. Þessi aðstoð er tilgreind í undirköflum 3.2 til 3.6 í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn („Stök aðstoð“) ⁽¹¹⁾.
- (6) Eftirlitsstofnunin bauð norskum stjórnvöldum að leggja fram athugasemdir sínar fyrir 6. október 2022 í 149. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn. Eftirlitsstofnunin birti einnig markvisst yfirlit ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn og gaf hagsmunaaðilum kost á að leggja fram athugasemdir innan mánaðar frá birtingu ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbæti þeirra ⁽¹²⁾.
- (7) Norsk stjórnvöld lögðu fram athugasemdir með bréfi dagsettu 5. desember 2022, eftir að hafa fengið framlenginguna á frestinum samþykkt af Eftirlitsstofnuninni ⁽¹³⁾, við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn ásamt viðaukum ⁽¹⁴⁾. Enginn annar hagsmunaaðili kom athugasemdum á framfæri við ESA.
- (8) Eftirlitsstofnunin óskaði eftir frekari upplýsingum frá norskum stjórnvöldum með bréfi dags. 24. maí 2023 ⁽¹⁵⁾. Norsk stjórnvöld lögðu fram frekari upplýsingar með bréfi dagsettu 6. júlí 2023 ⁽¹⁶⁾.

⁽⁵⁾ Ísland, Liechtenstein og Noregur.

⁽⁶⁾ Bréfaskiptin varðandi eftirlitið eru skráð í máli 87323.

⁽⁷⁾ Sjá 7. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁸⁾ Sjá 8. og 9. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁹⁾ Sjá n. mgr. 1.

⁽¹⁰⁾ Sjá 13. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn. Eftirlitsstofnunin bendir á að hún hafi talið í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn (undirköflum 3.2.1, 3.3.1, 3.4.1 og 3.6.1) að hluta af þeim fjármunum sem tilnefndir voru sem aðstoð við stofnun hafi verið veitt í samræmi við ákvæði um rekstraraðstoð samkvæmt 27. gr. GBER og hafi ekki haft uppi neinar efasemdir um þá aðstoð. Noregur hefur staðfest að skilningur Eftirlitsstofnunarinnar var réttur.

⁽¹¹⁾ Sjá einnig undirkafla 4.1 til 4.5 í þessari ákvörðun.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB C 428, 10.11.2022, bls. 7 og EES-viðbætur nr. 73, 10.11.2022, bls. 2.

⁽¹³⁾ Skjöl nr. 1329262 og 1330232.

⁽¹⁴⁾ Skjal nr. 1334726 ásamt viðaukum 1 - 16.

⁽¹⁵⁾ Skjal nr. 1358377.

⁽¹⁶⁾ Skjal nr. 1386374 ásamt viðaukum 1 - 20.

- (9) Hinn 29. nóvember 2023, óskaði Eftirlitsstofnunin eftir frekari upplýsingum frá norskum stjórnvöldum⁽¹⁷⁾. Norsk stjórnvöld lögðu fram frekari upplýsingar með bréfi sem barst 4. desember 2023⁽¹⁸⁾. ESA óskaði einnig eftir frekari upplýsingum 1. desember 2023⁽¹⁹⁾, sem norsk stjórnvöld lögðu fram 6. desember 2023⁽²⁰⁾. Norsk stjórnvöld lögðu fram viðbótarskýringar 8. desember 2023⁽²¹⁾.

2 Lýsing á kerfinu

2.1 Forsaga

- (10) Eins og norsk stjórnvöld hafa útskýrt, leiðir kerfið af þörf, sem áður hefur verið tilgreind, til að fjármagna innviði fyrir þróun og nýsköpun⁽²²⁾.
- (11) Í skýrslu frá árinu 2015, lögðu Siva SF, Innovation Norway og rannsóknarráð Noregs til nýju áætlunina „norska Catapult-kerfið“, sem nær yfir aukna þörf á að prófa, líkja eftir og sjá fyrir sér tækni, íhluti, vörur, þjónustu, ferla og lausnir⁽²³⁾.
- (12) Í hvítbók frá árinu 2017⁽²⁴⁾ bentu norsk stjórnvöld á mikilvægi þess að prófa áður en fjárfest er, með sérstakri áherslu á lítil og meðalstór fyrirtæki⁽²⁵⁾.
- (13) Hinn 20. desember 2016 samþykkti norska þingið ályktun um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir 2017⁽²⁶⁾. Í fjárlagafrumvarpinu frá 2017 var Siva SF beðið um að koma á för kerfi til að styðja við fjárfestingar í prófunar- og sýningaraðstöðu og samstarfsverkefnum⁽²⁷⁾.
- (14) Með úthlutunarbréfinu frá 2017, fól viðskipta- og sjávarútvegsráðuneytið („ráðuneytið“) Siva SF að koma á fót aðstoðarkerfi sem styður við fjárfestingar í Catapult-miðstöðvum, sem nokkur fyrirtæki og hugsanlega rannsóknar- og þróunaraðilar geta notað á sameiginlegum grundvelli til að stuðla að samstarfsverkefnum með miklum fjárfestingarkostnaði⁽²⁸⁾.
- (15) Siva SF („Siva“)⁽²⁹⁾ er iðnaðarþróunarfyrirtæki Noregs, stofnað árið 1968 og er í eigu ráðuneytisins. Helstu verkefni Siva eru m.a. að auðvelda innlendum innviðum fyrir nýsköpun sem samanstanda af klakstöðvum, viðskiptagörðum, Catapult-miðstöðvum, nýsköpunarfyrirtækjum, nýsköpunarmiðstöðvum og iðnaðarfasteignum⁽³⁰⁾.

2.2 Helstu eiginleikar kerfisins

- (16) Kerfinu var hrint í framkvæmt samkvæmt 27. gr. GBER sem fjárfestingaraðstoð til byggingar eða endurbóta á nýsköpunarklösum, og samkvæmt 25. gr. GBER sem aðstoð við rannsóknar- og þróunarverkefni sem tengjast þróunarstarfsemi⁽³¹⁾. Kerfið er fjármagnað með norskum fjárlögum.

⁽¹⁷⁾ Skjal nr. 1418389.

⁽¹⁸⁾ Skjal nr. 1420121 ásamt viðaukum 1 - 25.

⁽¹⁹⁾ Skjal nr. 1419444.

⁽²⁰⁾ Skjal nr. 1421792 ásamt viðaukum 1 - 8.

⁽²¹⁾ Skjal nr. 1422151 og viðauki.

⁽²²⁾ Sjá til dæmis, [Tools for growth – on Innovation Norway and Siva SF, 2012](#).

⁽²³⁾ «NORSK KATAPULT», Forslag til program for å dekke økt behov for å teste, simulere og visualisere. 9. febrúar 2015

⁽²⁴⁾ Meld. St. nr. 27 (2016-2017). Industrien – grønnere, smartere og mer nyskapedem, mars 2017. [Samantekt á ensku](#): A greener, smarter and more innovative industry authorities.

⁽²⁵⁾ Lítil og meðalstórt fyrirtæki.

⁽²⁶⁾ [Statsbudsjettet for 2017](#). Saldert budsjett fyrir 2017 vedtatt i Stortinget høsten 2016. Sjá einnig [Prop. 1 S \(2016 – 2017\)](#). Proposisjon til Stortinget (forslag til stortingsvedtak). FOR BUDSJETTÅRET 2017.

⁽²⁷⁾ (2017) Ályktun um fjárlög, bls. 128 og 193.

⁽²⁸⁾ [Statsbudsjettet 2017 - Oppdragsbrev til Siva](#), bls. 4 og 5. ESA bendir á að úthlutunarbréf ráðuneytisins til Siva frá 2018, 2019 og 2020 hafi í meginatriðum að geyma sömu leiðbeinendur að því er varðar Catapult-miðstöðvarnar: [úthlutunarbréfið fyrir 2017](#), [úthlutunarbréfið fyrir 2018](#), [úthlutunarbréfið fyrir 2019](#) og [úthlutunarbréfið fyrir 2020](#).

⁽²⁹⁾ SF eða Statsforetak merkja ríkisfyrirtæki, tegund fyrirtækis í Noregi. SF eru alfarið í eigu norskra stjórnvalda en þau bera ekki takmarkaða ábyrgð í fyrirtækinu.

⁽³⁰⁾ Sjá [siva.no/English](#) og 2. kafla samþykpta Siva frá 16. júní 2021 (samþykktir).

⁽³¹⁾ Sjá neðanmálsgreinar 2 og 4, upplýsingablöð með tilvísunum GBER 38/2017/R&D&I og GBER 58/2020/R&D&I.

- (17) Byggt á úthlutunarbréfinu frá 2017, samþykkti Siva lýsingu á áætlun fyrir kerfið. Í lýsingunni á áætluninni eru markmið kerfisins tekin til sérstakrar umfjöllunar auk reglnanna um ríkisaðstoð sem kerfið fellur undir.
- (18) Siva birti boð um þátttöku í kerfinu árið 2017⁽³²⁾. Árið 2019 tilkynnti Siva um tvær viðbótarkallanir um styrkingu og stækkun Catapult-miðstöðvanna⁽³³⁾. Samkvæmt köllunum frá 2019, gætu Catapult-miðstöðvarnar sótt um fjármuni til að leggja lokahönd á og kaupa nýjan prófunar- og rannsóknarstofubúnað auk nauðsynlegra aðlagana í tengslum við þann búnað. Siva samþykkti einnig leiðbeiningar um fjármögnun og endurskoðun.
- (19) Í kjölfar meginköllumunnarinnar árið 2017 fékk Siva fjölmargar umsóknir. Umsækjendur sem tóku þátt í kerfinu fengu stöðu Catapult-miðstöðvar og gerðu aðalsamning við Siva. Umsækjendurnir þurftu að leggja fram fjárfestingaráætlanir og árlegar fjárhagsáætlanir⁽³⁴⁾, með aðstoðarlutfalli sem mátti ekki vera hærra en 50%. Áður en aðstoðin var veitt, átti Siva fjárfestingarviðræður við umsækjendur, þar á meðal var metið hvort þörf væri á nýjum búnaði í samanburði við núverandi búnað og aðstöðu auk þess sem stefnumótandi þróun umsækjenda var metin. Siva tók einnig þátt sem áheyrnarfulltrúi í stjórnun Catapult-miðstöðvanna, til að tryggja heildaryfirsýn yfir verkefni.

3 Catapult miðstöðvarnar

- (20) Kerfið og staka aðstoðin beindust að því að styðja við Catapult-miðstöðvarnar. Á grundvelli upplýsinga sem norsk stjórnvöld lögðu fram, voru Catapult-miðstöðvarnar stofnaðar samkvæmt samningum á milli Siva, leiðbeinenda og iðnaðarfyrirtækjanna eða rannsóknastofnananna („grunnsamstarfsaðilarnir“).
- (21) Samkvæmt fjármögnunarsamningum milli Siva og Catapult-miðstöðvanna fimm, gegna leiðbeinendurnir hlutverki tengiliða á milli Siva og grunnsamstarfsaðilanna sem mynda miðstöð. Leiðbeinendunum var einnig falið að virkja viðskiptavinum og kynna kerfið. Leiðbeinendurnir eru stofnaðir sem hlutafélög og eru oft í eigu grunnsamstarfsaðilanna.
- (22) Leiðbeinendurnir tóku einnig þátt í að gera samstarfssamninga á milli grunnsamstarfsaðilanna um að setja upp og semja um fjárfestingarsamninga við grunnsamstarfsaðilana að því er varðar eignatengdar þarfir miðstöðvanna.
- (23) Norsk yfirvöld hafa enn fremur útskýrt að starfsemi Catapult-miðstöðvanna fari að mestu fram í gegnum grunnsamstarfsaðilana með því að gera tæknilega innviði sína aðgengilega fyrir þriðju aðila eins og kveðið er á um í samstarfssamningunum. Grunnsamstarfsaðilarnir þróa einnig venjur og skipulagshæfni og þjónustu miðstöðvarinnar og stofna iðnaðarsérfræðingateymi fyrir verkefni notenda miðstöðvarinnar.

4 Styrkþegar

- (24) Eins og norsk yfirvöld hafa útskýrt, var stakri aðstoð beint til eftirfarandi Catapult-miðstöðva, sem samanstanda bæði af leiðbeinendum og grunnsamstarfsaðilum.

4.1 Future Materials

- (25) Future Materials er innlend þróunar- og prófunarmiðstöð sem býður upp á prófunaraðstöðu, hæfni og net til að þróa sjálfbær háþrúð efni⁽³⁵⁾.
- (26) Miðstöðin býður upp á aðstöðu á sviðum eins og rafhlöðutækni, hringrásarhagkerfi og endurvinnslu, plasti og samsettum efnum, meðhöndlun og meðferð á steinefnum og málum og dufttækni. Fyrirtæki geta þróað, prófað, mælt og rammað vörur sínar og efni á rannsóknarstofukvarða eða í umfangsmiklum tilraunum í iðnaðarumhverfi. Miðstöðin leggur sérstaka áherslu á sjálfbært efnisval, hönnun til endurnýtingar og endurvinnslu og meðhöndlun á iðnaðarhlíðarstraumum til að draga úr magni úrgangs sem sendur er til urðunarstaðar.

⁽³²⁾ Skjal nr. 1420115.

⁽³³⁾ Skjöl nr. 1420117 og 1420111.

⁽³⁴⁾ Þar sem fjármögnun kerfisins var byggð á ríkisfjárlögum, sem samþykkt voru árlega, óskaði Siva einnig eftir árlegum fjárhagsáætlunum sem tilgreindu ítarlegar fjárfestingaráætlanir fyrir hverja miðstöð.

⁽³⁵⁾ Sjá [About Future Materials](#).

- (27) Future Materials samanstendur af leiðbeinanda: Future Materials AS ⁽³⁶⁾ og grunnsamstarfsaðilum: Elkem AS, Norner AS, ReSiTec AS, Mechatronics Innovation Lab AS og Arendals Fossekompani AS.
- (28) Ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn náði yfir eftirfarandi fjárfestingaraðstoð sem var veitt til Future Materials af Siva ⁽³⁷⁾: bréf dagsett 9. nóvember 2018 fyrir starfsemi á árinu 2018 ⁽³⁸⁾, bréf einnig dagsett 9. nóvember 2018 fyrir starfsemi á árinu 2019 ⁽³⁹⁾ og bréf dagsett 24. febrúar 2020 fyrir starfsemi á árinu 2020 („Future Materials 2020 bréfið“) ⁽⁴⁰⁾.

4.2 Manufacturing Technology

- (29) Manufacturing Technology veitir innviði og sérfræðipækkingu sem stuðlar að því að gera vöruframleiðslu iðnaðinn grænni, snjallari og nýstárlegri, sem aftur á móti stuðlar að minni losun í iðnaði. Miðstöðin veitir bæði smærri og umfangsmikla aðstöðu fyrir sérsniðnar prófanir og sköpun frumgerða og ferla og nær yfir svið eins og hönnun (t.d. framleiðslu, sjálfbærni), iðnað 4.0, framleiðslu fyrir íblöndunarefni og tengingu, sjálfvirkar vélar til sprautumótunar og trefjavindu, málmmótun og -vinnslu, sjálfvirka og sveigjanlega samsetningu.
- (30) Manufacturing Technology samanstendur af leiðbeinanda ⁽⁴¹⁾: Manufacturing Technology Norwegian Catapult Centre AS ⁽⁴²⁾ og grunnsamstarfsaðilum: NCE Manufacturing AS, SINTEF Manufacturing AS og Total.
- (31) Ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn náði yfir eftirfarandi fjárfestingaraðstoð sem var veitt til Manufacturing Technology af Siva ⁽⁴³⁾: bréf dagsett 17. október 2018 fyrir starfsemi á árinu 2018 ⁽⁴⁴⁾, bréf einnig dagsett 17. október 2018 fyrir starfsemi á árinu 2019 ⁽⁴⁵⁾ og bréf dagsett 26. febrúar 2020 fyrir starfsemi á árinu 2020 ⁽⁴⁶⁾.

4.3 Sustainable Energy

- (32) Sustainable Energy starfar á meginviðum fljótandi vindorku, grænna skipflutninga og grænna orkukerfa. Miðstöðin veitir umfangsmikla aðstöðu og prófunarklefa sem er í boði á landi, á sjó og á skipum til að líkja eftir sjálfbærum orkulausnum. Miðstöðin veitir þjónustu á borð við umfangsmiklar prófanir við raunveruleg rekstrarskilyrði á landi (Energy House) og á skipum á mismunandi sviðum (hraðskreiðum djúpsjávarskipum og grunnsæviskipum) og innan mismunandi tegunda orkukerfa.
- (33) Sustainable Energy samanstendur af leiðbeinanda: Sustainable Energy AS ⁽⁴⁷⁾ og grunnsamstarfsaðilum: Alltec Services AS, SEAM AS, Unitech Offshore AS, The Switch Marine Drives Norway AS, Future Energy Solutions AS, Alma Clean Power AS, SINTEF Ocean AS og Testbygg AS.
- (34) Ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn náði yfir eftirfarandi fjárfestingaraðstoð sem var veitt til Sustainable Energy af Siva ⁽⁴⁸⁾: bréf dagsett 27. júní 2019 fyrir starfsemi á árinu 2019 ⁽⁴⁹⁾ og bréf dagsett 26. febrúar 2020 fyrir starfsemi á árinu 2020 ⁽⁵⁰⁾.

⁽³⁶⁾ Hluthafar Future Materials AS eru Arendals Fossekompani ASA, Elkem ASA, Norner AS, ReSiTec AS og háskólinn í Agder.

⁽³⁷⁾ Sjá undirkafla 3.2 og 6.6.1 ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽³⁸⁾ Skjal nr. 1191214.

⁽³⁹⁾ Skjal nr. 1191216.

⁽⁴⁰⁾ Skjal nr. 1191224.

⁽⁴¹⁾ Á árunum 2018–2020, gegndi SINTEF Manufacturing SEM starfi leiðbeinandastofnunar fyrir Catapult-miðstöðina. Í janúar 2021 var Manufacturing Technology Norwegian Catapult Centre AS stofnað sem sjálfstæður lögaðili.

⁽⁴²⁾ Hluthafar Manufacturing Technology AS eru SINTEF Manufacturing AS, NCE Manufacturing og Total.

⁽⁴³⁾ Sjá undirkafla 3.3 og 6.6.2 ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁴⁴⁾ Skjal nr. 1191218.

⁽⁴⁵⁾ Skjal nr. 1191220.

⁽⁴⁶⁾ Skjal nr. 1191222.

⁽⁴⁷⁾ Hluthafar Sustainable Energy AS eru Haugland Kraft AS, NCE Maritime CleanTech, Vestlandets Innovasjons-selskap, Unitech Energy Group AS, The Switch Marine Drives Norway AS, NORCE Norwegian Research Centre og Norwegian Marine & Energy Complex.

⁽⁴⁸⁾ Sjá undirkafla 3.4 og 6.6.3 ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁴⁹⁾ Skjal nr. 1191228.

⁽⁵⁰⁾ Skjal nr. 1191230.

4.4 Ocean Innovation

- (35) Ocean Innovation byggir upp og gerir aðgengilega sérfræðipækkingu og innviði til að hraða vexti og sjálfbærri þróun sjávarútvegs. Miðstöðin leggur áherslu á þrjú meginsvið: lagareldi, neðansjávaræknir, framleiðsla fyrir íblöndunarefni sem stuðningstækni innan sjávarútvegs. Það býður upp á prófunarinnviði með allt frá litlum rannsóknarstofum til smærri og umfangsmikillar lagareldisaðstöðu. Aðstaðan nýtist undirverktökum í olíu- og gasiðnaði sérstaklega vel sem aðlagast til að veita lausnir til annarra sjávarfengdra atvinnugreina. Aðstaðan er einnig mikilvæg til að þróa virkari varnir gegn laxalúsum og draga úr þörungablómum.
- (36) Ocean Innovation samanstendur af leiðbeinanda: Ocean Innovation AS ⁽⁵¹⁾ og grunnsamstarfsaðilum: Marineholmen RASlab AS, Additech AS og Aquacloud AS.
- (37) Ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn náði yfir eftirfarandi fjárfestingaraðstoð sem veitt var til Ocean Innovation af Siva ⁽⁵²⁾: bréf dagsett 3. júní 2019 fyrir starfsemi á árinu 2019 ⁽⁵³⁾.

4.5 Digicat

- (38) Digicat miðar að því að draga úr vaxandi bili í nýsköpunarhraða milli helstu fyrirtækja og smærri undirverktaka í litlum og meðalstórum hluta siglingageirans. Digicat býður upp á prófunaraðstöðu, sérfræðipækkingu og net fyrir sýndar frumgerðir og þróun stafrænna tvíbura fyrir allar tegundir atvinnugreina á öllum sviðum. Smáir og stórir aðilar geta prófað og sannreynt hugmyndir, hugtök og verkfæri hraðar, skilvirkari og með minni áhættu en prófanir í raunheimi.
- (39) Digicat samanstendur af leiðbeinanda: ÁKP AS ⁽⁵⁴⁾ og grunnsamstarfsaðilum: OSC AS, NTNU, SINTEF Narvik AS and SINTEF Ocean AS, Smart Construction Cluster, Ulstein Group AS, Kongsberg Maritime AS, Ocean Visionering AS, ÁKP Blue Innovation Arena AS og Invig AS.
- (40) Ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn náði yfir eftirfarandi fjárfestingaraðstoð sem var veitt til Digicat af Siva ⁽⁵⁵⁾: bréf dagsett 3. júní 2019 fyrir starfsemi á árinu 2019 ⁽⁵⁶⁾ og bréf dagsett 26. febrúar 2020 fyrir starfsemi á árinu 2020 ⁽⁵⁷⁾.

5 Ástæður þess að stofnað var til formlegrar rannsóknar

- (41) Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, var það bráðabirgðamat Eftirlitsstofnunarinnar að staka aðstöðin teldist ríkisaðstoð eins og það er skilgreint í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- (42) Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. GBER má veita fjárfestingaraðstoð til byggingar eða endurbóta á nýsköpunarklösum. Styrkhæfi kostnaðurinn er tilgreindur sem fjárfestingarkostnaður í óefnislegum og efnislegum eignum.
- (43) Eftirlitsstofnunin lýsti efasemdum varðandi aðstöðina sem veitt var sem fjárfestingaraðstoð fyrir efnislegar eignir samkvæmt 5. mgr. 27. gr. GBER. Fyrirliggjandi skilningur Eftirlitsstofnunarinnar var sá að umrædd fjárfestingaraðstoð hefði, að undanskildum nokkrum fjárfestingum Manufacturing Technology, eingöngu verið veitt fyrir áþreifanlegar eignir sem ekki voru í eigu styrkþega ⁽⁵⁸⁾. Ályktun Eftirlitsstofnunarinnar, sem mynduð var á grundvelli þeirra upplýsinga sem þá voru tiltækar, var að styrkþegarnir væru leiðbeinendur Catapult-miðstöðvanna.

⁽⁵¹⁾ Hluthafar Ocean Innovation AS eru GCE Ocean Technology, Vestlandets Innovasjonsselskap, NCE Seafood Innovation Cluster, Additech og Marineholmen Raslab AS.

⁽⁵²⁾ Sjá undirkafla 3.5 og 6.6.4 ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁵³⁾ Skjal nr. 1191212.

⁽⁵⁴⁾ ÁKP AS er í sameiginlegri eigu opinberra aðila og iðnaðar og með Siva og sveitarfélagið Ålesund sem stærstu hluthafa.

⁽⁵⁵⁾ Sjá undirkafla 3.6 og 6.6.5 ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁵⁶⁾ Skjal nr. 1191228.

⁽⁵⁷⁾ Skjal nr. 1191230.

⁽⁵⁸⁾ Sjá 49. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

- (44) Það var enn fremur skilningur Eftirlitsstofnunarinnar að í þeim tilvikum þar sem efnislegu eignirnar væru ekki í eigu styrkþega, væri kostnaðurinn sem norsk stjórnvöld teldu styrkhæfan samkvæmt 5. mgr. 27. gr. GBER leigukostnaður eigna. Fyrirliggjandi skilningur Eftirlitsstofnunarinnar var sá að leigutökunum bæri engin skylda til að kaupa þær eignir sem voru leigðar.
- (45) Af þessum ástæðum lýsti Eftirlitsstofnununin þeirri bráðabirgðaniðurstöðu yfir að aðstoðin - sem var skilgreind sem fjárfestingaraðstoð af norskum stjórnvöldum - hafi verið veitt í tengslum við kostnað sem var ekki styrkhæfur samkvæmt 5. mgr. 27. gr. GBER. Eftirlitsstofnununin lýsti enn fremur yfir þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að þessi aðstoð myndi ekki uppfylla skilyrðin til að hljóta rekstraraðstoð samkvæmt 7. mgr. til 9. mgr. 27. gr. GBER.
- (46) Að því er varðar Future Materials 2020 bréfið, var ekki ljóst hvort tengd aðstoðarumsókn frá 20. desember 2019 varðaði eitt eða fleiri verkefni/starfsemi. Svo virtist sem hluti af kostnaði á áætlunum hafi fallið til áður en umsóknin var lögð fram. Þetta myndi hafa í för með sér að aðstoðinni sem úthlutað var til þeirra verkefna eða þeirrar starfsemi sem þessi kostnaður tengist hafði engin hvatningaráhrif í skilningi 2. mgr. 6. gr. GBER (sjá undirkafla 6.4 í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn).
- (47) Samkvæmt því var það bráðabirgðamat Eftirlitsstofnunarinnar að fjárfestingaraðstoðin sem veitt var samkvæmt stöku aðstoðunum samræmdist ekki ákvæðum GBER og teldist ólögmat aðstoð.
- (48) Eftirlitsstofnununin taldi einnig vafa leika á því hvort aðstoðin samræmdist framkvæmd EES-samningsins.
- (49) Í fyrsta lagi efaðist Eftirlitsstofnununin um að hægt væri að lýsa yfir að aðstoðin samrýmist framkvæmd EES-samningsins á grundvelli leiðbeinandi reglnanna um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar⁽⁵⁹⁾. Með tilliti til aðstoðar til byggingar eða endurbóta á nýsköpunarklösum, er styrkhæfi kostnaðurinn skilgreindur í þessum leiðbeinandi reglum sem fjárfestingarkostnaður í óefnislegum og efnislegum eignum. Byggt á svipuðum rökstuðningi og í tengslum við 5. mgr. 27. gr. GBER, komst Eftirlitsstofnununin að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að aðstoðin myndi ekki uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í leiðbeinandi reglunum um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar.
- (50) Að því er varðar það að lýsa aðstoðina samrýmanlega beint samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, hefur Eftirlitsstofnununin tilgreint nokkra þætti sem vekja efasemdir um samrýmanleika aðstoðarinnar. Samkvæmt ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, fela þessir þættir einkum í sér spurningar um hvort aðstoðin hafi verið viðeigandi og hæfileg. Enn fremur taldi Eftirlitsstofnununin að koma yrði á raunverulegum hvatningaráhrifum varðandi fjárfestingaraðstoð sem veitt er samkvæmt Future Materials 2020 bréfinu.

6 Athugasemdir stjórnvalda í Noregi

6.1 Samræmi við ákvæði GBER

Fjárfestingaraðstoð í samræmi við 5. mgr. 27. gr. GBER

- (51) Norsk yfirlöð skýrðu frá því að kerfið hefði það að markmiði að styðja við Catapult-miðstöðvar, sem samanstanda af leiðbeinendum og grunnsamstarfsaðilum (sjá einnig 3. kafla hér að framan). Í samræmi við það var aðstoð samkvæmt stakri aðstoð veitt í tengslum við fjárfestingar sem annað hvort leiðbeinendurnir eða grunnsamstarfsaðilarnir gerðu fyrir þarfir miðstöðvanna.
- (52) Norsk stjórnvöld útskýrðu enn fremur að umrædd fjárfestingaraðstoð hafi verið veitt samkvæmt eftirfarandi þremur sviðsmyndum:

Sviðsmynd 1: kaup á eign af leiðbeinanda

Fjárfesting er gerð af leiðbeinanda með því að kaupa eign í þágu Catapult-miðstöðvar.

⁽⁵⁹⁾ Ákvörðun ESA nr. 271/14/COL frá 9. júlí 2014 um nitugustu og sjöundu breytingu á málmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar með því að fella inn nýjar leiðbeiningar um ríkisaðstoð sem veitt er til rannsókna, þróunar og nýsköpunar [2015/1359], birt í Stjtið. ESB L 209, 6.8.2015, bls. 17 og EES-viðbæti nr. 44, 6.8.2015, bls. 1, 14. mgr. Leiðbeinandi reglunum var breytt með ákvörðun ESA nr. 090/20/COL frá 15. júlí 2020, sem var birt í Stjtið. ESB L 359, 29.10.2020, bls. 6 og í EES-viðbæti nr. 68, 29.10.2020, bls. 4.

Sviðsmynd 2: kaup á eign af grunnsamstarfsaðila

Fjárfesting er gerð af grunnsamstarfsaðila með því að kaupa eign í þágu Catapult-miðstöðvar. Á meðan eign er áfram í eigu grunnsamstarfsaðilans, eru þær afhentar til notkunar fyrir miðstöðina.

Sviðsmynd 3: núverandi eignir grunnsamstarfsaðila

Samkvæmt þeirri sviðsmynd er grunnsamstarfsaðili áfram eigandi núverandi eignar sem hann afhendir Catapult-miðstöð. Fjárfestingaraðstoðin er aðeins veitt í þeim tilgangi að uppfæra eignina þannig að hún henti til notkunar hjá miðstöðinni.

- (53) Samkvæmt bæði sviðsmyndum 2 og 3, krefjast viðkomandi samstarfssamningar þess að eignirnar (þ.m.t. framlag í fríðu) skuli vera áfram hjá Catapult-miðstöð og ekki sé hægt að taka þær út úr miðstöðinni án samþykkis Siva⁽⁶⁰⁾. Eins og norsk stjórnvöld hafa staðfest eru allar slíkar áfram hjá viðkomandi miðstöðvum og hafa ekki verið teknar frá þeim.
- (54) Styrkþegar geta jafnað fjárfestingaraðstoð sem fjármögnun í reiðufé og/eða framlag í fríðu (búnaður og tengdar vinnustundir⁽⁶¹⁾). Verðmat á framlögum í fríðu fer fram í samræmi við leiðbeiningar Siva um endurskoðun og er verðmatið einnig lagt fyrir Eftirlitsstofnunina. Verðmat eigna getur annað hvort farið fram af viðurkenndum matsmanni eða viðkomandi birgi. Að öðrum kosti er hægt að ákvarða afskrifað verðmæti búnaðarins á grundvelli fyrri ársreikninga grunnsamstarfsaðilanna.
- (55) Auk búnaðar sem keyptur hefur verið eða uppfærður með stuðningi Siva hafa grunnsamstarfsaðilarnir gert aðrar eignir aðgengilegar fyrir notendur miðstöðvanna, sem leitt hefur til talsverðrar verðmætaaukningar á tiltækum eignagrunni. Siva hefur ekki veitt grunnsamstarfsaðilunum aðstoð fyrir slíkan búnað.
- (56) Í stuttu máli telja norsk stjórnvöld að fjárfestingaraðstoðin sem veitt er samkvæmt stöku aðstoðinni sé í samræmi við 5. mgr. 27. gr. GBER.

Future Materials 2020 bréfið og samræmi við 2. mgr. 6. gr. GBER

- (57) Að því er varðar Future Materials 2020 bréfið, telja norsk stjórnvöld ekki að neinn kostnaður hafi fallið til áður en umsókn um aðstoð var lögð fram.
- (58) Future Materials 2020 bréfið tengist stækkun á kjarnastarfsemi miðstöðvarinnar til að fela í sér innviði rafhlöðutækni. Fjárfestingarnar sem Future Materials sótti fyrst um styrk fyrir hjá Siva árið 2019 varða Norner AS, grunnsamstarfsaðila miðstöðvarinnar frá árinu 2019. Future Materials sótti upphaflega um aðstoð að því er varðar þessar Norner AS fjárfestingar sem stofnað var til í þágu miðstöðvarinnar þann 29. mars 2019 og sótti aftur um aðstoð þann 20. desember 2019⁽⁶²⁾. Að þurfa að sækja aftur um þá aðstoð kom til vegna stjórnsýsluáðstæðna sem tengdust kerfinu⁽⁶³⁾. Umræddur kostnaður féll til á 2. og 4. ársfjórðungi 2019. Samkvæmt því voru framkvæmdir ekki hafnar áður en umsóknin um aðstoð var lögð fram.

6.2 Mat á því hvort aðstoðin samræmist leiðbeinandi reglunum um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar og EES-samningnum

- (59) Norsk stjórnvöld telja að hægt sé að lýsa því yfir að staka aðstoðin sé samrýmanleg samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins í samræmi við leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar.

Auðvelda atvinnustarfsemi, áhrif á markaði og hvatningaráhrif

⁽⁶⁰⁾ Eins og norsk stjórnvöld hafa útskýrt var notkun eignanna á árunum 2017-2020 stjórnað í fjárfestingar- og samstarfssamningunum í Catapult-miðstöðvunum, byggt á sömu meginreglum.

⁽⁶¹⁾ Takmarkað við vinnutíma sem þarf til að setja upp búnaðinn í miðstöðinni.

⁽⁶²⁾ Eins og norsk stjórnvöld hafa útskýrt ákvað Siva að tilkynna um tvær viðbótarkallanir fyrir styrkingu og stækkun Catapult-miðstöðvanna árið 2019 með það í huga að leyfa öðrum miðstöðvum einnig að sækja um fjármuni.

⁽⁶³⁾ Norsk stjórnvöld benda á að liður í fjárveitingu aðstoðar fyrir árið 2019 varðar einnig fjárfestingu á árinu 2019 af öðrum grunnsamstarfsaðila. Hins vegar hafði Future Materials þegar lagt fram umsókn um aðstoð fyrir þann lið á árinu 2018.

- (60) Samkvæmt norskum stjórnvöldum, auðveldaði aðstoðin sem veitt var atvinnustarfsemi Catapult-miðstöðvanna og hafði jákvæð áhrif á atvinnustarfsemi notendanna. Catapult-miðstöðvarnar fimm bjóða upp á aðgengi að aðstöðu á viðkomandi fagsviðum sem eru einnig viðkomandi markaðir.
- (61) Catapult-miðstöðvarnar eru stofnaðar sem blanda af nýjum og núverandi eignum sem eru aðlagðar að þörfum miðstöðvanna og gerðar aðgengilegar fyrir þriðju aðila (sjá einnig undirkafla 6.1 hér að framan). Þessar fjárfestingar og opinn aðgangur að aðstöðu grunnsamstarfsaðilanna hefði ekki átt sér stað án aðstoðarinnar. Aðstoðin sem veitt var hefur því hvatningaráhrif.

Jákvæð áhrif

- (62) Samkvæmt norskum stjórnvöldum valda hraðar tækniframfarir áskorun fyrir núverandi sérfræðipækkingu, framleiðsluferla, starfshætti og að lokum vörur og þjónustu. Á grundvelli nokkurra dæma telja norsk stjórnvöld að aðstoðin hafi gert fyrirtækjum, einkum smáum og meðalstórum fyrirtækjum, kleift að hafa opinn og auðveldan aðgang að búnaði og sérfræðipækkingu fyrir prófanir, sjöngervingu og hermun á hugmyndum sínum og vörum.

Takmörkuð neikvæð áhrif

- (63) Norsk stjórnvöld telja að með því að veita aðstoð hafi verið hægt að taka á skorti á samhæfingu á hagkvæman hátt með því að sameina nýjar og núverandi eignir. Virk þátttaka grunnsamstarfsaðilanna auðveldar skipti á sérfræðipækkingu og hæfni í miðstöðvunum. Aðstoðin sem veitt var er einnig í samræmi við reglur um aðstoðarhlutfall í leiðbeinandi reglunum um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar. Að öllu jöfnu halda norsk stjórnvöld því fram að jákvæð áhrif stöku aðstoðarinnar vegi þyngra en hugsanleg neikvæð áhrif á samkeppni og viðskipti, sem eru í öllum tilvikum takmörkuð.

II. MAT

7 Hvort um ríkisaðstoð er að ræða

- (64) Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo: „Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“
- (65) Við mat á því hvort ráðstöfun telst aðstoð í skilningi ákvæðisins þurfa öll eftirfarandi skilyrði því að vera uppfyllt: i) ráðstöfunin er veitt af hálfu ríkisins eða með ríkisfjármunum, ii) fyrirtæki hefur hagræði af ráðstöfuninni, iii) hún ívilnar tilteknum fyrirtækjum (er sértæk) og iv) er til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti.
- (66) Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, var það mat Eftirlitsstofnunarinnar að kerfið og staka aðstoðin teldist ríkisaðstoð samkvæmt skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Í athugasemdunum við ákvörðunina um að hefja formlega rannsókn færðu norsk stjórnvöld hvorki rök fyrir því að kerfið né staka aðstoðin teljist ríkisaðstoð. Eftirlitsstofnunin hefur engar upplýsingar sem benda til þess að kerfið eða staka aðstoðin teljist ekki ríkisaðstoð.
- (67) Eftirlitsstofnunin rifjar upp að staka aðstoðin veiti beina styrki sem fjármagnaðir eru með ríkisfjárlögum og þeim sé stýrt og veitt af fyrirtæki í ríkiseigu, sem var skipað af ríkinu í þeim tilgangi. Enn fremur, sé staka aðstoðin veitt til þeirra styrkþega sem stunda atvinnustarfsemi í ýmsum atvinnugreinum sem eru opnar fyrir samskipti og hafa áhrif á viðskipti innan EES.
- (68) Á þessum forsendum hefur Eftirlitsstofnunin enga ástæðu til að vikja frá fyrstu niðurstöðu sinni í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn og telur að staka aðstoðin teljist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

8 Aðstoðarkerfi eða stök aðstoð og lögmæti aðstoðarinnar

- (69) Staka aðstoðin var veitt á grundvelli ráðstöfunar, sem norsk stjórnvöld hrintu í framkvæmd sem aðstoðarkerfi. Eftirlitsstofnunin deildi því mati í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn ⁽⁶⁴⁾. Eftirlitsstofnunin hefur enga ástæðu til að víkja frá því mati.
- (70) Samkvæmt e-lið 1. gr. II. hluta bókunar 3, merkir „stök aðstoð“ aðstoð sem er ekki veitt á grundvelli aðstoðarkerfis og tilkynningaskyld veiting aðstoðar sem er byggð á aðstoðarkerfi.
- (71) Ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn dró í efa að staka aðstoðin uppfylli ákveðin skilyrði sem sett eru fram í I. og III. kafla GBER ⁽⁶⁵⁾. Eins og nánar er útskýrt í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn ⁽⁶⁶⁾, samkvæmt 3. gr. GBER, samræmist aðstoðarráðstöfun framkvæmd EES-samningsins og er undanþegin tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3, svo fremi að ráðstöfunin uppfylli skilyrðin í I. kafla, ásamt sérstöku skilyrðunum fyrir viðeigandi flokk aðstoðar í III. kafla GBER.
- (72) Samkvæmt 1. gr. f II. hluta bókunar 3, merkir „ólögmæt aðstoð“ nýja aðstoð sem veitt hefur verið í bága við ákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta. 1. gr. c II. hluta bókunar 3 skilgreindir „nýja aðstoð“ sem aðstoðarkerfi og staka aðstoð sem er ekki yfirstandandi aðstoð, þar með taldar breytingar á yfirstandandi aðstoð. Ekkert af skilyrðunum fyrir því að finna yfirstandandi aðstoð ⁽⁶⁷⁾ virðast vera til staðar hjá norskum stjórnvöldum, né hefur því verið haldið fram að svo sé. Þess vegna leiðir það að fullnægja ekki skilyrðum GBER til niðurstöðunnar að staka aðstoðin sé ólögmæt aðstoð ⁽⁶⁸⁾.
- (73) Í ljósi gildissviðs ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn, mun Eftirlitsstofnunin meta hvort fjárfestingaraðstoðin sem var veitt samkvæmt stöku aðstoðinni uppfylli skilyrði 5. mgr. 27. gr. GBER. Að því er varðar Future Materials 2020 bréfið, mun Eftirlitsstofnunin einnig meta hvort fjárfestingaraðstoðin uppfylli skilyrði 2. mgr. 6. gr. GBER.

9 Samræmist staka aðstoðin GBER

9.1 5. mgr. 27. gr. GBER (fjárfestingaraðstoð)

9.1.1 Inngangur

- (74) Upphaflegur skilningur Eftirlitsstofnunarinnar var sá að fjárfestingaraðstoð væri veitt í tengslum við eignir sem ekki voru í eiga styrkþega, þ.e. leiðbeinendanna, og að hluti af fjármögnuðu eignunum væri leigður án kaupskuldbindinga ⁽⁶⁹⁾. Bráðabirgðaniðurstaða Eftirlitsstofnunarinnar var því sú að aðstoðin hafi verið veitt vegna kostnaðar sem ekki var styrkhæfur fyrir fjárfestingaraðstoð samkvæmt 5. mgr. 27. gr. GBER ⁽⁷⁰⁾.
- (75) Í ljósi athugasemda norskra stjórnvalda, telur Eftirlitsstofnunin fyrst og fremst nauðsynlegt að skoða hóp styrkþega samkvæmt stöku aðstoðinni. Eftir það mun Eftirlitsstofnunin meta hvort staka aðstoðin sé í samræmi við 5. mgr. 27. gr. GBER. Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. GBER má veita fjárfestingaraðstoð til byggingar eða endurbóta á nýsköpunarklösum. Styrkhæfi kostnaðurinn er tilgreindur sem fjárfestingarkostnaður í óefnislegum og efnislegum eignum.

⁽⁶⁴⁾ Aðstoðarkerfi eins og það er skilgreint í 1. gr. d II. hluta bókunar 3. Sjá 58. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁶⁵⁾ Hluti 6.6. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁶⁶⁾ 60. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁶⁷⁾ 1. gr. b II. hluta bókunar 3.

⁽⁶⁸⁾ Hluti 6.7. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn. Sjá, sem dæmi, dóm Almenna dómstólsins frá 9. september 2020 í máli *Kerkosand* gegn *framkvæmdastjórninni*, T-745/17, EU:T:2020:400, 40. mgr. og dómaframkvæmd sem vísað er til.

⁽⁶⁹⁾ Sjá undirkafla 3, 6.2. og 6.6. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

⁽⁷⁰⁾ Sjá 71. mgr. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

9.1.2 Styrkþegar stöku aðstoðarinnar

- (76) Eins og norsk stjórnvöld hafa útskýrt, miðuðu reglur kerfisins, sem staka aðstoðin var veitt eftir, að því að koma á fót Catapult-miðstöðvum (sjá einnig 2. og 3. kafla). Samkvæmt því var fjárfestingaraðstoð samkvæmt stöku aðstoðinni veitt til Catapult-miðstöðvanna fremur en einungis til leiðbeinendanna.
- (77) Norsk stjórnvöld hafa útskýrt að Catapult-miðstöðvarnar samanstandi af leiðbeinendunum og grunnsamstarfsaðilunum. Réttindi og skyldur leiðbeinendanna og grunnsamstarfsaðilanna þegar miðstöðvunum er komið á fót og við fjárfestingu í og stjórnun Catapult-miðstöðvanna eru sett fram í aðalsamningunum við Siva um ríkisfjármögnun, fjárfestingarsamningana og samstarfs-samningana. Norsk stjórnvöld lögðu samningana einnig fram við Eftirlitsstofnunina.
- (78) Á grundvelli þessara skýringa og sönnunargagna sem lögð voru fram í kjölfar samþykktar á ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, er Eftirlitsstofnunin sammála norskum stjórnvöldum að kerfinu og stöku aðstoðinni hafi verið ætlað að veita fjárfestingarstuðning til Catapult-miðstöðvanna, sem samanstanda af leiðbeinendunum og grunnsamstarfsaðilunum. Aðstoðin sem veitt var átti ekki að takmarkast við að veita aðstoð til leiðbeinendanna eingöngu.
- (79) Samkvæmt aðalsamningunum við Siva og samstarfssamningunum voru Catapult-miðstöðvarnar stofnaðar og starfræktar sem sameiginleg viðleitni leiðbeinendanna og grunnsamstarfsaðilanna, með verkefni sem skiptust samningsbundið á milli þessara aðila.
- (80) Samkvæmt aðalsamningunum við Siva, fjárfestingaraðstoð beindist að framkvæmd og uppbyggingu Catapult-miðstöðvanna. Þessir samningar viðurkenndu skipulagsuppsetningu og starfsemi miðstöðvanna sem samanstóð af ýmsum aðilum (þ.e. leiðbeinendunum og grunn-samstarfsaðilunum).
- (81) Hið sama má álykta út frá orðalagi bréfa Siva um veitingu aðstoðar, sem mynda stöku aðstoðina, þar sem leiðbeinendurnir koma fram í umboði miðstöðvanna.
- (82) Fjárfestingarnar sem Siva styrkti voru tilgreindar ítarlega í fjárfestingar- og fjárhagsáætlunum. Sem áheyrnarfulltrúi í stjórnun Catapult-miðstöðvanna (Sjá mgr. (19)), hafði Siva allar upplýsingar um uppbyggingu, rekstrarreglur og einstakar fjárfestingarákvarðanir Catapult-miðstöðvanna.
- (83) Eftirlitsstofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að samkvæmt stöku aðstoðinni hafi styrkþegar fjárfestingaraðstoðarinnar verið Catapult-miðstöðvarnar, fulltrúar þeirra eru leiðbeinendurnir og sem samanstanda af leiðbeinendunum og grunnsamstarfsaðilunum.

9.1.3 Samræmi við 5. mgr. 27. gr. GBER

- (84) Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn dró Eftirlitsstofnunin í efa hvort Siva hefði veitt fjárfestingaraðstoð í tengslum við eignir sem ekki voru í eigu styrkþeganna.
- (85) Hins vegar, eins og Eftirlitsstofnunin komst að niðurstöðu um í undirkaflanum hér að framan, var fjárfestingaraðstoð veitt samkvæmt ákvörðununum um staka aðstoð til Catapult-miðstöðvanna, sem samanstanda af leiðbeinendunum og grunnsamstarfsaðilunum.
- (86) Eftirlitsstofnunin vísar til undirkafla 6.1, þar sem er að finna nánari lýsingu á framkvæmd fjárfestingaraðstoðar sem veitt er samkvæmt stakri aðstoð. Gögnin sem norsk stjórnvöld lögðu fram sýna að eignirnar sem fengu aðstoð voru hvorki keyptar af né í eigu leiðbeinenda eða grunnsamstarfsaðila viðkomandi Catapult-miðstöðva.
- (87) Norsk stjórnvöld hafa staðfest að þar sem umrædd fjárfestingaraðstoð var ekki veitt öðrum aðilum en leiðbeinendunum og grunnsamstarfsaðilunum, né hafi aðstoðin verið veitt fyrir leigu á eignum án kaupskuldbindinga. Styrkur Siva hefur heldur ekki verið veittur sem greiðsla til grunnsamstarfs-aðila fyrir að afhenda eign til Catapult-miðstöðvarinnar. Eftirlitsstofnunin hefur heldur engar upplýsingar sem benda til slíkra möguleika.
- (88) Eftirlitsstofnunin telur því að dregið hafi verið úr upphaflegum áhyggjum sínum sem settar voru fram í undirkafla 6.2 í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, þar sem fjárfestingaraðstoð var veitt í tengslum við eignir sem leiðbeinendurnir og grunnsamstarfsaðilarnir eignuðust í þágu Catapult-miðstöðvanna. Eftirlitsstofnunin kemst því að þeirri niðurstöðu að umrædd aðstoð hafi verið veitt í tengslum við kostnað sem var styrkhæfur fyrir fjárfestingaraðstoð samkvæmt 5. mgr. 27. gr. GBER.

9.2 7. - 9. mgr. 27. gr. GBER (Rekstraraðstoð – undirkafla 6.3. ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn)

- (89) Í undirkafla 6.2 ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn, lýsti Eftirlitsstofnunin þeirri bráðabirgðaniðurstöðu yfir að fjárfestingaraðstoðin sem var veitt samkvæmt stöku aðstoðinni uppfyllti ekki skilyrði 5. mgr. 27. gr. GBER. Þess vegna taldi Eftirlitsstofnunin rétt, í undirkafla 6.3 í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, að rannsaka hvort sú aðstoð uppfylli skilyrðin til að hljóta rekstraraðstoð samkvæmt 7. - 9. mgr. 27. gr. GBER.
- (90) Eins og Eftirlitsstofnunin komst að niðurstöðu um í undirkafla 9.1.3 í þessari ákvörðun er umrædd aðstoð teljist fjárfestingaraðstoð sem samræmist 5. mgr. 27. gr. GBER. Þar af leiðandi skiptir ekki lengur máli að meta hvort þessi sama aðstoð sé rekstraraðstoð í samræmi við 7. mgr. 27. gr. GBER.

9.3 2. mgr. 6. gr. GBER (Future Materials 2020 bréfið)

- (91) Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. GBER, „skal aðstoð teljast hafa hvatningaráhrif ef styrkþegi hefur lagt fram skriflega umsókn um aðstoð hjá hlutaðeigandi aðildarríki áður en vinnan við verkefnið eða starfsemina hefst.“
- (92) Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. GBER, merkir „upphaf framkvæmda“ upphaf byggingarframkvæmda sem tengjast fjárfestingunni, fyrsta lögbindingandi loforð um kaup á tækjabúnaði eða hvers kyns önnur skuldbinding sem gerir fjárfestinguna óafturkræfa. Kaup á lóðum og undirbúningsvinna, t.d. öflun leyfa og gerð hagkvæmniathugana til undirbúnings framkvæmdum, teljast ekki til upphaf verks. [...]“
- (93) Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn (kafla 6.4) taldi Eftirlitsstofnunin að ekki væri ljóst hvort fjárfestingarstuðningur sem veittur var samkvæmt Future Materials bréfinu 2020 snerti kostnað sem stofnað var til áður en umsóknin um aðstoð var lögð fram 20. desember 2019. Einkum virtist fjárhagsáætlun sem tengdist umsókninni um aðstoð frá 20. desember 2019 innihalda kostnað sem stofnað var til á þremur síðustu ársfjórðungum 2019 (2., 3. og 4. ársfjórðungi).
- (94) Í kjölfar ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn lögðu norsk stjórnvöld fram viðbótarskýringar og -gögn að því er varðar aðstoðina.
- (95) Eins og norsk stjórnvöld hafa útskýrt, snúa fjárfestingarnar sem eru í húfi að stækkun á kjarnastarfsemi miðstöðvarinnar til að fela í sér innviði rafhlöðutækni (sjá mgr. (58)).
- (96) Gögnin sem hafa verið lögð fram sýna að fjárfestingarnar sem Future Materials sótti fyrst um aðstoð fyrir árið 2019 varða Norner AS, grunnsamstarfsaðila Catapult-miðstöðvarinnar frá árinu 2019. Future Materials sótti upphaflega um aðstoð vegna þessara Norner AS fjárfestinga í þágu miðstöðvarinnar þann 29. mars 2019 og sótti aftur um 20. desember 2019, vegna stjórnsýslu-aðstæðna sem tengdust Catapult-miðstöðinni og Norner AS ekki (sjá mgr. (58)). Umræddur kostnaður féll til á 2. og 4. ársfjórðungi 2019.
- (97) Á grundvelli upplýsinga sem norsk stjórnvöld lögðu fram, féll kostnaður Norner AS sem Future Materials 2020 bréfið náði yfir því til eftir að hafa sótt um aðstoð þann 29. mars 2019. Að hafa þurft að sækja aftur um aðstoð af ástæðum fyrir utan Future Materials breytir ekki þeirri staðreynd að viðkomandi kostnaður féll fyrst til eftir 29. mars 2019. Þess vegna telur Eftirlitsstofnunin að Future Materials hafi lagt fram umsóknina áður en framkvæmdir hófust, í samræmi við 2. mgr. 6. gr. GBER.
- (98) Eftirlitsstofnunin bendir einnig á að liður í fjárveitingu aðstoðar fyrir árið 2019 varðar fjárfestingu á árinu 2019 af öðrum grunnsamstarfsaðila en Norner AS. Hins vegar staðfesta gögnin sem norsk stjórnvöld lögðu fram að Future Materials hafi fyrst sótt um aðstoð varðandi þá fjárfestingu árið 2018.
- (99) Á þessum grundvelli telur Eftirlitsstofnunin að dregið hafi úr upphaflegum áhyggjum stofnunarinnar að því er varðar Future Materials 2020 bréfið og kemst að þeirri niðurstöðu að aðstoðin sem veitt var uppfylli skilyrði 2. mgr. 6. gr. GBER.

9.4 Niðurstöður að því er varðar uppfyllingu skilyrða 2. mgr. 6. gr. og 5. mgr. 27. gr. GBER

- (100) Að því er varðar 2. mgr. 6. gr. GBER og Future Materials 2020 bréfið, kemst Eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að umrædd aðstoð samræmist þeim ákvæðum (sjá undirkafla 9.3).
- (101) Að því er varðar 5. mgr. 27. gr. GBER, kemst Eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að fjárfestingaraðstoðin sem veitt var samkvæmt stöku aðstoðinni samræmist þeim ákvæðum (sjá undirkafla 9.1).
- (102) Þar sem ákvörðunin um að hefja formlega rannsókn takmarkaðist við að meta hvort fjárfestingaraðstoðin sem var veitt samkvæmt stöku aðstoðinni samræmist 2. mgr. 6. gr. ⁽⁷¹⁾ og 5. mgr. 27. gr. GBER ⁽⁷²⁾, telur Eftirlitsstofnunin aðstoðina vera undanþegna tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 og samrýmast 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, í samræmi við 3. gr. GBER.
- (103) Eftirlitsstofnunin bendir á að, af framangreindum ástæðum, er ekki lengur nauðsynlegt að meta samrýmanleika aðstoðarinnar framkvæmd EES-samningsins annað hvort í samræmi við leiðbeinandi reglurnar um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar eða með beinum hætti.

10 Niðurstaða

- (104) Á grundvelli framangreinds mats er það afstaða Eftirlitsstofnunarinnar að fjárfestingaraðstoð sem var veitt samkvæmt stöku aðstoðinni teljist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- (105) Samkvæmt 3. gr. GBER, telur Eftirlitsstofnunin aðstoðina samrýmast framkvæmd EES-samningsins, samkvæmt 3. mgr. 61. gr. samningsins, og undanþegna frá tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3.

Hefur samþykkt eftirfarandi ákvörðun:

1. gr.

Í samræmi við 3. gr. GBER, samrýmist fjárfestingaraðstoðin sem veitt er samkvæmt stöku aðstoðinni framkvæmd EES-samningsins, samkvæmt 3. mgr. 61. gr. samningsins, og er undanþegin frá tilkynningarskyldunni í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3. Formlegri rannsókn er hér með lokið.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

3. gr.

Texti þessarar ákvörðunar er einungis gildur á ensku.

Gjört í Brussel,

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Arne Røksund

forseti

Stjórnarmaður sem fer með málaflokkinn

Árni Páll Árnason

Stjórnarmaður

Stefan Barriga

Stjórnarmaður

Melpo Joséphides

*meðáritar sem deildarstjóri
lagaskrifstofu*

⁽⁷¹⁾ Að því er varðar Future Materials 2020 bréfið.

⁽⁷²⁾ Sjá 6.6. hluta ákvörðunarinnar um að hefja formlega rannsókn.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/29/02

(mál M.11462 – CBK/EVOG/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 25. mars 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- EVO Payments International GmbH („EVOG“, Þýskalandi), sem lýtur endanlega yfirráðum Global Payments Inc. („Global Payments“, Bandaríkjunum)
- Commerzbank AG („Commerzbank“, Þýskalandi)

EVOG og Commerzbank öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samruna-reglugerðarinnar, yfir GP Acquiring Germany GmbH („JV Newco“, hinu sameiginlega félagi).

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Commerzbank annast banka- og fjármálaþjónustu á EES-svæðinu og um allan heim.
- EVOG og Global Payments annast þjónustu í tengslum við greiðslukortaviðskipti og þjónustu fyrir seljendur á EES-svæðinu og um allan heim.

3. Starfsemi JV Newco (hins sameiginlega félags) verður sem hér segir:

- JV Newco mun bjóða seljendum upp á þjónustu í Þýskalandi.

4. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samruna-reglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

5. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 5.4.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11462 – CBK/EVOG/JV

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjóð. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11473 – VAN MOSSEL AUTOMOTIVE/MERCEDES-BENZ CPH)

2024/EES/29/03

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. mars 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Van Mossel Automotive International B.V. („Van Mossel Automotive“), sem endanlega lýtur sameiginlegum yfirráðum Henricus Wilhelmus Simon Maria Berkhof og Bertus Elizabeth Mandemakers, öll í Niðurlöndum
- Mercedes-Benz CPH A/S („Mercedes-Benz CPH“, Danmörku), sem endanlega lýtur yfirráðum Mercedes-Benz Group AG (Þýskalandi)

Van Mossel Automotive öðlast yfirráð sér í lagi, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Mercedes-Benz CPH í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Van Mossel Automotive starfar við sölu á nýjum og notuðum farþegabifreiðum og léttum atvinnuökutækjum ólíkra vörumerkja í gegnum sölustöðvar á Niðurlöndum, í Belgíu, Frakklandi, Lúxemborg, Þýskalandi og Bretlandi. Van Mossel Automotive á einnig verkstæði í Belgíu og á Niðurlöndum, sem þjónusta allt landið. Að auki býður Van Mossel Automotive upp á tengda þjónustu (s.s. bílaleigu, fjármögnun og langtímaleigu) og er til staðar á eftirmarkaði fyrir sölu á varahlutum og aukabúnaði frá frumframleiðendum.
- Mercedes-Benz CPH starfar við sölu á nýjum og notuðum farþegabifreiðum og léttum atvinnuökutækjum undir vörumerki Mercedes-Benz í Danmörku. Mercedes-Benz CPH býður einnig upp á viðhald og viðgerðir fyrir farþegabifreiðar Mercedes-Benz-Smart vörumerkjanna, sem og fyrir rútur. Að auki býður Mercedes-Benz CPH upp á tengda þjónustu (s.s. bílaleigu og langtímaleigu) og er til staðar á eftirmarkaði fyrir sölu á varahlutum og aukabúnaði frá frumframleiðendum.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 4.4.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11473 – VAN MOSSEL AUTOMOTIVE/MERCEDES-BENZ CPH

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:
European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja
(mál M.11484 – BLACKSTONE/INVENERGY IRH/CDPQ/
INVENERGY RENEWABLES)

2024/EES/29/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. mars 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Blackstone, Inc. („Blackstone“) (Bandaríkjunum)
- Caisse de Dépôt et Placement du Québec („CDPQ“) (Kanada)
- Invenenergy IRH Holdings LLC („Invenenergy IRH“, Bandaríkjunum), sem lýtur yfirráðum Invenenergy Investment LLC („Invenenergy Group“, Bandaríkjunum)
- Invenenergy Renewables Holdings LLC („Invenenergy Renewables“, Bandaríkjunum)

Blackstone, CDPQ og Invenenergy IRH öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir Invenenergy Renewables.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- Blackstone stýrir fjárfestingum um allan heim.
- CDPQ er langtíma stofnanafjárfestir sem fyrst og fremst stýrir sjóðum vegna opinberra og hálfopinberra lífeyris- og tryggingakerfa í Québec.
- Invenenergy IRH er eignarhaldsfélag sem stýrir endurnýjanlegri orkustarfsemi Invenenergy Group.
- Invenenergy Renewables er eignarhaldsfélag sem rekur endurnýjanlega orkustarfsemi Invenenergy Group og þróar, á og rekur stóra endurnýjanlega orkuframleiðslu, orkugeyma og innviði orkuflutningakerfis í Norður-Ameríku, Rómönsku Ameríku, Asíu og Evrópu.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 4.4.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11484 – BLACKSTONE/INVENERGY IRH/CDPQ/INVENERGY RENEWABLES

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiði:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaðan samruna fyrirtækja

2024/EES/29/05

(mál M.11509 – MSI/BAM/PORTLAND NATURAL GAS TRANSMISSION SYSTEM)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. mars 2024 tilkynning um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾.

Tilkynningin varðar eftirfarandi fyrirtæki:

- Morgan Stanley Infrastructure, Inc. („MSI“, Bandaríkjunum), sem tilheyrir Morgan Stanley Group (Bandaríkjunum)
- BlackRock Alternatives Management, LLC („BAM“, Bandaríkjunum), sem tilheyrir BlackRock Group (Bandaríkjunum)
- Portland Natural Gas Transmission System („PNGTS“, Bandaríkjunum)

MSI og BAM öðlast sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, yfir PNGTS í heild.

Samruninn á sér stað með kaupum á hlutabréfum og með samningi.

2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

- MSI er fjárfestingarstýringarfyrirtæki með áherslu á fjárfestingar í fjölbreyttum innviðaeignum.
- BAM er fjárfestingarstýringarfyrirtæki sem annast uppbyggingu á eignasöfnum, eignastýringu og fjárfestingar-ráðgjafarþjónustu.
- PNGTS flytur jarðgas í Norður-Ameríku og á leiðslu sem er 297 mílna löng.

3. Frumathugun hefur leitt í ljós að hin fyrirhuguðu viðskipti sem hafa verið tilkynnt geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.

Hafa ber í huga að mál þetta kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna mála sem varða samruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾ um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu starfsemi.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í C-deild Stjórnartíðinda ESB, 4.4.2024. Eftirfarandi tilvísun skal ávallt tekin sérstaklega fram:

M.11509 – MSI/BAM/PORTLAND NATURAL GAS TRANSMISSION SYSTEM

Unnt er að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir með tölvupósti eða í pósti. Vinsamlegast notið eftirfarandi samskiptaleiðir:

Netfang: COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu

Póstáritun:

European Commission

Directorate-General for Competition

Merger Registry

1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbætur nr. 9, 22.2.2007, bls. 62 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 160, 5.5.2023, bls. 1.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11084 – SMRP/SAS AUTOSYSTEMTECHNIK)

2024/EES/29/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 19. júlí 2023 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32023M11084. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11360 – DCC/PROGAS)

2024/EES/29/07

Framkvæmdastjórnin ákvað 22. febrúar 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11360. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11397 – OJI/WALKI)

2024/EES/29/08

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. mars 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11397. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntum samruna fyrirtækja
(mál M.11439 – DWS/GALAXY/FLOW TRADERS/JV)

2024/EES/29/09

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. mars 2024 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindum tilkynntum samruna og lýsa hann samrýmanlegan reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32024M11439. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 og EES-viðbæti nr. 9, 22.2.2007, bls. 62.

Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

2024/EES/29/10

frá 17. janúar 2024

um málarekstur skv. 102. gr. sáttmálans um starfsemi Evrópusambandsins

(mál AT.40735 – Dreifing lestarmiða á netinu á Spáni)

(tilkynnt með skjálnúmeri C(2024) 135 lokaútgáfa)

Hinn 17. janúar 2024 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur samkvæmt 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin hefur nú, í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 ⁽¹⁾, birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar ([C-deild Stjórnartíðinda ESB/2024/2269](#), 22.3.2024), m.a. álagðar sektir, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 1, 4.1.2003, bls. 1. Reglugerðin með áorðnum breytingum skv. reglugerð nr. (EB) 411/2004 (Stjóð. L 68, 6.3.2004, bls. 1).

RÍKISADSTOD – FRAKKLAND

2024/EES/29/11

Málsnúmer SA.101557 (2024/C) (áður 2023/NN) – Frakkland

Þjónusta á sviði sjóflutninga við Korsíku (2023 -2030)

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Frakklandi, með bréfi dags. 23. febrúar 2024, birt á fullgiltu tungumáli á eftir ágreipinu í [Stjtið. ESB C/2024/2266](#), 22.3.2024, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á fimm opinberum þjónustusamningum um vöru- og farþegaflutninga á sjó á milli meginlands Frakklands og Korsíku fyrir tímabilið 2023-2030 („ráðstafanirnar“), í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Hagsmunaaðilar hafa frest til þess að gera athugasemdir við ráðstafanirnar sem framkvæmdastjórnin hefur tekið til rannsóknar í einn mánuð frá því að ágreip þetta og eftirfarandi bréf birtist í ([Stjtið. ESB C, C/2024/2266](#), 22.3.2024). Viðtakandi:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
1049 Bruxelles/Brussel
Stateaidgreffe@ec.europa.eu

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Frakklandi. Þeim, sem leggja fram athugasemdir og/eða tilgreinda hluta athugasemdanna, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
flugrekstur í Bandalaginu

2024/EES/29/12

Breytingar á almannaþjónustukvöðum í tengslum við áætlunarflug

Aðildarríki	Portúgal
Flugleið(ir)	Bragança/Vila Real/Viseu/Cascais/Portimão/ Cascais/Viseu/Vila Real/Bragança
Gildistökudagur almannaðjónustukvaða	1. október 2024
Unnt er að nálgast textann, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/ eða skjölum sem varða almannaðjónustukvöðina	Öll skjöl er að finna á: https://www.acingov.pt Nánari upplýsingar veitir: General Secretariat of the Presidency of the Council of Ministers Rua Prof. Gomes Teixeira, n.o 2 1399 022 Lisboa PORTUGAL Sími: +351 213927600 Netfang: ecompras@sg.pcm.gov.pt Vefsetur: https://www.sg.pcm.gov.pt

Kynningatilkynning framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur
um rekstur flughjónustu í Bandalaginu

2024/EES/29/13

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Portúgal
Leiðir sem um ræðir	Bragança/Vila Real/Viseu/Cascais/Portimão/ Cascais/Viseu/Vila Real/Bragança
Gildistími samnings	4 ár frá upphafi starfseminnar
Frestur til að skila tilboðum	62 dögum frá því að auglýsing þessi birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins C/2024/2358, 21.3.2024.
Unnt er að nálgast texta útboðsauglýsingarinnar, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar:	Öll skjöl er að finna á: https://www.acingov.pt Nánari upplýsingar veitir: General Secretariat of the Presidency of the Council of Ministers Rua Prof. Gomes Teixeira, n.º 2 1399 022 Lisboa PORTUGAL Sími: +351 213927600 Netfang: ecompras@sg.pcm.gov.pt Vefsetur: https://www.sg.pcm.gov.pt

**Heimild til að veita ríkisaðstoð skv. 107. og 108. gr. sáttmálans um
starfshætti Evrópusambandsins**

2024/EES/29/14

Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við

Málsnúmer	Aðildarríki	Landssvæði	Heiti aðstoðarkerfis (og/ eða heiti aðstoðarþega)	Upplýsingarnar birtust (birtingartilvísun í Stítið. ESB)
SA.110678	Lúxemborg	Luxembourg	Transformation et Commercialisation (grandes entreprises)	C/2024/2190, 18.3.2024
SA.112546	Ítalía		RRF-TCTF: Interventions to support investments in strategic sectors for the transition towards a net zero	C/2024/2195, 18.3.2024
SA.111131	Þýskaland		Bund: Förderung besonders nachhaltiger Verfahren im Zusammenhang mit der Umsetzung der FFH- und der	C/2024/2196, 18.3.2024
SA.111369	Ítalía		Fondo di garanzia per le PMI	C/2024/2207, 19.3.2024
SA.33487	Ungverjaland	Közép-Dunántúl	Agricultural and fisheries aid to compensate for damage due to exceptional occurrence (red mud 'Aluminium accident')	C/2024/2243, 19.3.2024
SA.109756	Tékkland		DP 3.h. Podpora prevence šíření virových a bakteriálních chorob chmele	C/2024/2253, 21.3.2024
SA.105847	Frakkland		Service d'intérêt économique général — Missions d'intérêt général confiées à l'Agence France-Presse au titre de la	C/2024/2255, 21.3.2024
SA.110633	Slóvenía		Državna pomoč SA.60625(2020/N) — Slovenija — Shema pomoči za reševanje in	C/2024/2346, 25.3.2024
SA.102163	Þýskaland		Aid for the construction and operation of the Brunsbüttel on-shore LNG Terminal	C/2024/2347, 25.3.2024
SA.110961	Þýskaland	Bayern	Bayern: Erneuerung von Hecken und Feldgehölzen (KULAP — I80)	C/2024/2349, 25.3.2024
SA.112196	Þýskaland		INVEST Scheme — Direct grants for risk capital investments — Amendment of the INVEST Guidelines	C/2024/2360, 26.3.2024
SA.110568	Frakkland		Prolongation du régime d'aide SA.41259, notifié à la Commission européenne relatif aux aides au sauvetage	C/2024/2364, 26.3.2024
SA.110872	Þýskaland		Richtlinie der BKM 'Anreiz zur Stärkung der Filmproduktion in Deutschland' — Deutscher	C/2024/2370, 29.3.2024
SA.108998	Ítalía	Calabria	Sorical S.p.A.	C/2024/2380, 29.3.2024

Gildan texta þessara ákvarðana, að trúnaðarupplýsingum slepptum, er að finna á: <https://ec.europa.eu/competition/eojade/iseif/index.cfm>